



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um leiðir til að hjálpa börnum á flóttu að þroskast í íslensku samfélagi**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 9. október 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Hvað gerir Reykjavíkurborg til að hjálpa börnum á flóttu að þroskast í íslensku samfélagi og til hvaða aðgerða hefur hún gripið til að brjóta niður félagslega einangrun þessara barna? Vitað er að ekki öll börn í þessari stöðu fá skólavist innan sveitarfélagsins og fyrirspurnin er m.a lögð fram vegna þessa. Hér er átt við öll börn sem eru á flóttu og búa í borginni, þ.m.t. þau sem bíða eftir niðurstöðu um alþjóðlega vernd.*

#### **Svar:**

Í Reykjavík er lögð áhersla á að öll börn, óháð stöðu, fái skólagöngu enda er skólaskylda á Íslandi. Í Reykjavík fara börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd í 1. og 2. bekk í sinn hverfisskóla og börn sem eru í 3. – 10. bekk í stoðeild Birtu. Haustið 2022 tók Vinnumálastofnun við málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og opnaði húsnæði á nokkrum stöðum í Reykjavík. Skólaárið 2022 til 2023 þrefaldaðist fjöldi barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Vinnumálastofnun og skóla- og frístundasvið unnu ötullega að því að tryggja að öll börn kæmust í skóla sem fyrst. Það gekk að mestu leyti eftir en varð þó í einhverjum tilfellum töf á skráningu barna inn í skóla á vorönn 2023. Í dag hafa öll börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og eru búsett í Reykjavík verið innrituð í grunnskóla og hefja almennt skólagöngu innan fjögurra vikna frá því þau fóru í þjónustu Vinnumálastofnunar.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd eru í þjónustu Vinnumálastofnunar og er Vinnumálastofnun með samninga við Reykjavíkurborg um þjónustu við 300 manns. Þar að auki eru aðrir 500 einstaklingar búsettir í Reykjavík á vegum Vinnumálastofnunar. Í samningi við Vinnumálastofnun fá börn á grunnskólaaldri niðurgreidda þátttöku á frístundaheimili og val um að iðka eina íþrótt. Fyrir börn sem eru á vegum Vinnumálastofnunar er einungis borgað fyrir skólaskyldu og ekki boðið uppá að taka þátt í skipulögðu íþróttá- og frístundastarfi.

Öllum börnum í 5. – 10. bekk er velkomið að sækja félagsmiðstöðvar og þau hvött til þess óháð því hvort þau eru í þjónustu á vegum Vinnumálastofnunar eða í samningi við Reykjavíkurborg. Þegar fólk fær stöðu flóttafólks er unnið samkvæmt *Velkomin í hverfið þitt* þar sem fjölskyldan fær upplýsingar um allt það frístundastarf sem er í boði í hverfinu sem og börnum í 1. – 4. bekk boðið uppá gjaldfrjálst frístundaheimili í 3 mánuði yfir vetrartímann og 3 vikur í sumarstarfi fyrsta árið. Sérstaklega er hugað að því að börn sem eru komin með stöðu flóttafólks verði virkir þátttakendur í skipulögðu íþróttá- og frístundastarfi í borginni. Bæði eru starfandi



Reykjavíkurborg

verkefnastjórar félagsauðs og forvarna á miðstöðvunum (Vesturmiðstöð, Austurmiðstöð, Norðurmiðstöð og Suðurmiðstöð) sem sérstaklega tengja börn inní margvíslegt íþróttá- og tómsundastarf í hverju hverfi fyrir sig, starfsmenn á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum virkja börnin í gegnum *Velkomin í hverfið þitt* til þátttöku og annars konar sérúrræði á vegum velferðarsviðs til að ná til barna sem standa höllum fæti félagslega.